Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 9. september 2019
USK2019040053
5.2

Borgarráð

***Bryggjugata og Miðbakki.***

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við frágang Bryggjugötu við Austurbakka og gerð hjólastígs við Geirsgötu við Miðbakka. Verkefnið er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Faxaflóahafna, Veitna og Íslenskra fasteigna. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í október nk. og ljúki að fullu á árinu 2020. Kostnaðaráætlun 2 vegna hluta Reykjavíkur er 150 mkr.

Greinargerð:
Um er að ræða yfirborðsfrágang o.fl. frá Geirsgötu við nýbyggingar við Bryggjugötu. Þá verður gerður nýr hjólastígur við Geirsgötu við Miðbakka og ný biðstöð fyrir strætó.
Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.
Kostnaðaráætlun 2 vegna hluta Reykjavíkur: 150 mkr.
Kostnaðarstaður: 3105.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
- Kynning



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

# BRYGGJUGATA OG MIÐBAKKI

# BRYGGJUGATA OG MIÐBAKKI

## YFIRLIT YFIR VERKIÐ

- Ganga á frá yfirborði Bryggjugötu sem liggur frá Geirsgötu að nýbyggingum við Austurbakka.
- Gatan og gangstéttar verða snjóbræddar og steinlagðar.
- Lagður verður nýr hjólastígur meðfram Geirsgötu og gerð ný biðstöð fyrir strætó við Miðbakka.
- Götulýsing á svæðinu verður endurgerð. Komið verður fyrir hjólastæðum, bekkjum og fleiri götugögnum við Bryggjugötu.
- Verkefnið er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Faxaflóahafna, Veitna og Íslenskra fasteigna.

# BRYGGJUGATA OG MIÐBAKKI



# BRYGGJUGATA OG MIÐBAKKI

## VERKÁÆTLUN

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í október og að þeim ljúki sumarið 2020.

## KOSTNAÐARÁÆTLUN

Áætlaður heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna verksins er 150 mkr.



# BRYGGJUGATA OG MIÐBAKKI

## TAKK FYRIR

